

SAMÞYKKT

um lokunartíma sölubúða og sölustaða á Selfossi.

1. gr.

Alla virka daga ársins skal sölubúðum lokað kl. 18 og þær eigi opnaðar aftur fyrr en kl. 8 næsta virkan dag.

Aðfangadag jóla og gamlársgdag skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 12 á hádegi.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla, skal heimilt að halda sölubúðum opnum til miðnættis, svo er og heimilt að hafa opið til kl. 22 einn virkan dag á undan þessum degi skömmu fyrir jól.

Á laugarðögum skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 12.

Á föstudögum má hafa opið til kl. 19.

2. gr.

Brauðsölubúðum og mjólkurbúðum má halda opnum eins og öðrum verzlunum og auk þess almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta og fyrsta mánudag í ágústmánuði frá kl. 8 til kl. 12, þó skal vera lokað jóladag, nýársdag og páskadag.

Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða.

3. gr.

Söluturnum (sælgætisbúðum), sem fengið hafa sérstakt leyfi hreppsnefndar má halda opnum frá kl. 8 til kl. 23.30 alla daga, þó skal lokað allan daginn föstudaginn langa, jóladag, hvítasunnudag og páskadag og kl. 15 aðfangadag jóla og gamlársgdag.

Í söluturnum er heimilt að selja eftirtaldar vörur:

Blöð, tímarit, frímerki, sokka, kaffi, sælgæti, öl, gosdrykki og tóbaksvörur.

Hreppsnefnd getur bundið ofangreind söluleyfi þeim skilyrðum, er hún telur nauðsynleg og ákveðið árlegt gjald í hreppsjóð fyrir hvert leyfi.

4. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða og sölustaða er óheimilt að selja á torgum og strætum eða annars staðar utan sölubúða, nema úr sjálfsölum nokkurn varning, sem ekki má selja nema skv. verzlunarleyfi.

5. gr.

Menn, sem komnir eru inn í sölubúð eða sölustaði fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

6. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari, fyrir einstaka daga og til þess að sala fari fram í góðgerðaskyni, eða til ágóða fyrir stofnanir eða fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfir til almenningsheilla.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Selfosshrepps hefur samþykkt samkvæmt lögum nr. 17 frá 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, öðlast þegar gildi, þó með þeim takmörkunum, sem lög nr. 45 frá 15. júní 1926 setja og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 11. desember 1969.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

Nr. 289.

18. desember 1969.

REGLUGERÐ

um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins.

1. gr.

Landinu er skipað í bústaðasvæði, og hefur hvert bústaðasvæði ákveðna gildistölu. Bústaðasvæðin og gildistölu þeirra eru sem hér segir:

Gildistala

Bústaðasvæði

- 1.0 Reykjavík, Seltjarnarnes, Kópavogur, Garðahreppur, Hafnarfjörður, Mosfellssveit og Akureyri.
- 0.9 Kjalarnes, Selfoss, Hveragerði, Keflavík, Keflavíkflugvöllur og Njarðvík-urhreppur, kaupún á Reykjanesi, nema Hafnir, svo og sveitir á Reykjanesi nema Hafnahreppur.
- 0.8 Akranes og Vestmannaeyjar.
- 0.6 Borgarnes, kaupún á Snæfellsnesi, Patreksfjörður, Ísafjörður, Hnífsdalur, Bolungarvík, Blönduós, Sauðárkrókur, Siglufjörður, Dalvík, Húsavík, Egilsstaðir, Seyðisfjörður, Neskaupstaður, Eskifjörður, Reyðarfjörður, Höfn í Hornafirði, Vík í Mýrdal, Eyrarbakki, Stokkseyri, Hella og Hvolsvöllur. Sveitir í Kjósarsýslu, Borgarfjarðarsýslu, Mýrarsýslu, Eyjafjarðarsýslu, Rangárvallasýslu og Árnessýslu svo og Hafnir og Hafnahreppur.
- 0.3 Ólafsfjörður, öll kaupún með 300 íbúa eða fleiri, sem eigi hafa verið talin annars staðar. Sveitir á Snæfellsnesi, Dalasýslu, Barðastrandasýslu, Ísafjarðarsýslu, Strandasýslu, Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Þingeyjarsýslu, Múlasýslum og Skaftafellssýslu.
- 0.1 Sérstakir afskekktir og einangraðir staðir.